


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Lyfjafræði (LYF103)	
	Námsáætlun vorönn 2017	

Kennari	María Albína Tryggvadóttir	Sk.st.	MAL
----------------	----------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Þessi áfangi er blanda af almennri lyfjafræði, lyfjahvarfafræði og lyfhrifafræði. Aðal áherslan er lögð á lyfhrifafræðina, þ.e. lyfjaflokkana.

Í áfanganum er farið í helstu maga- og þarmalyf, öndunarfæralyf, húðlyf, tauga- og geðlyf, sykursýkislyf, hjarta- og æðasjúkdómalyf. Einnig er farið almennt í lyfjaskrár og nemandi lærir að leita upplýsinga um lyf í Sérlyfjaskrá. Farið er stuttlega í ATC-flokkunarkerfið og í geymslu og fyrningu lyfja. Útskýrð eru ýmis atriði sem tengjast lyfjafræði, svo sem almenn verkun, staðbundin verkun, aðgengi lyfja "first-pass" áhrif, helmingunartími, læknisfræðilegur stuðull og blóðstyrkskúrfur. Einnig er farið í mismunandi lyfjaform.

Meginmarkmið:

Að nemandi þekki verkanir og aukaverkanir lyfja í nokkrum stórum lyfjaflokkum og kannist við helstu skammtastærðir þeirra og milliverkanir. Einnig að nemandi kynnist ýmsum mikilvægum þáttum sem tengjast lyfjafræði, s.s. lyfjaskrár, lyfjaformum og frásogi, dreifingu og útskilnaði lyfja.


Námsgögn:

Bók: Lyfjafræði 103, hefti eftir Bryndísi Þóru Þórsdóttur. Reykjavík 2012 eða nýrri.

Annað: Etv. greinar sem tengjast efni áfangans. Ýmsar vefsíður er tengjast efni áfangans

Námsmatsþættir:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lotuverkefni	Fjögur verkefni. Eitt verkefni í hverri lotu. (4% hvert)		16%
Annarpróf	Próf eftir 2. lotu, ef nemandi mætir ekki í prófið hækkar lokaprófið upp í 75%.		15%
Ritun	Útdráttur úr grein eða skrifa um innihaldsefni hreinlætis- eða snyrtivara.		4%
Skapandi verkefni	Verkefnið byggist á því að gera skapandi úrlausnarverkefni úr námsefninu.		5%
Lokapróf	Skriflegt próf í lok annar		60%
	Samtals:		100%
Annað: Nemandi þarf að ná 4 á lokaprófi til þess að vetrareinkunn reiknist inn í lokaeinkunn. Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma, verkefni lækkar um hálfan fyrir hvern virkan dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefnum viku eftir skiladag.			

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Lyfjafræði (LYF103)	Námsáætlun vorönn 2017

Áætlun um yfirferð:

Lotur	Námsefni	Lesefni og námsmat
1. lota.	Kynning á áfanganum, námsefni og fyrirkomulagi. Helstu grunnhugtök tengd lyfjafræði, s.s. almenn verkun, staðbundin verkun, lyfjagjafir, lyfjaform. Sérlyfjaskrá, Aldraðir og meðferðarheldni.	1.-3. kafli Verkefni
2. lota.	Maga og þarmalyf Verkjalyf, bólgueyðandi lyf	4 -5. kafli Verkefni
3. lota.	Öndunarfæralyf – Húðlyf - Róandi lyf, svefnlyf, geðdeyfðarlyf, sefandi lyf	6-8. kafli Annar próf og verkefni
4. lota.	Hjarta- og æðasjúkdómalyf - Sykursýkislyf Undirbúningur fyrir próf	9-10. kafli Verkefni

Kennari áskilur sér rétt á að gera breytingar á námsáætlun.

Dagsetning: 4.1.17

Maria T.
Undirritun kennara

Hannesvía Joh.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils